



## Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

## Umsögn um þingsályktunartillögu um lagningu heilsársvegar í Árneshreppi, 134. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi þingsályktunartillögu um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp, mál nr. 134 á 154. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að lagður skuli heilsársvegur norður í Árneshrepp eftir Strandavegi (643) í Norðurfjörð. Meginframkvæmdirnar eigi sér stað á næstu fjórum árum og verði að fullu lokið 2030.

### Strandavegur í samgönguáætlun

Í samgönguáætlun 2020-2034 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2020 var gert ráð fyrir 300 m.kr. á 1. tímabili 2020-2024 og 450 m.kr. 2025-2029 við uppbyggingu nýs 12 km Strandavegar um Veidileysuháls. Áður hafði verið gert ráð fyrir uppbyggingu vegar um Veidileysuháls milli Kráku og Reykjafjarðar í samgönguáætlun 2011-2022.

Strandavegur frá Djúpvegi að Norðurfirði er rúmlega 93 km langur.

Nýr vegur um Bjarnarfjarðarháls ásamt brú á Bjarnarfjarðará var tekin í notkun árið 2016. Að auki hefur verið unnið að minni framkvæmdum á Strandavegi með það að markmiði að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Ströndum.

### Um vetrarþjónustu á Strandavegi norðan Bjarnarfjarðar

Gildandi reglur um vetrarþjónustu á Strandavegi eru þannig að einungis hefur verið mokað tvisvar sinnum að vori og hausti á meðan snjólétt er. Vegagerðin hefur hins vegar unnið að breyttri vetrarþjónustu á Strandavegi í Árneshreppi frá árinu 2020 í samvinnu við Árneshrepp, m.a. í tengslum við verkefnið brothættar byggðir.

Breytt vetrarþjónusta hefur verið á þann veg að á tímabilinu janúar – mars er Strandavegur mokaður þegar aðstæður leyfa allt að tvisvar sinnum í viku og þegar fyrirsjáanlegt er að færðin verði sæmileg áfram. Mat á aðstæðum og ákvörðun um mokstur hefur alfarið verið í höndum Vegagerðarinnar í samstarfi við heimamenn og eingöngu mokað þegar þegar mögulegt hefur verið að leggja mat á snjóflóðahættu og veður leyfir.

Mokstur á núverandi Strandavegi er talinn mjög erfiður og þarf að jafnaði að moka með veghefli og dráttarvél eða hjólaskóflu með blásara. Á leiðinni er mikil snjóflóðahætta um Veiðileysuháls, Reykjafjörð og Kjörvogshlíð. Ekki er talið skynsamlegt að hafa reglubundinn mokstur á núverandi vegi heldur er nauðsynlegt að taka mið af aðstæðum og veðurfari þar sem miklar líkur eru á að vegur lokist að nýju vegna snjósöfnunar eða snjóflóðahættu.

Reynsla af breyttri vetrarþjónustu 2020-2023 hefur verið eftirfarandi:

- 1.jan – 15. apríl 2020	Opið 18 daga	kostnaður	11,2 m.kr
- 1.jan – 15.apríl 2021	Opið 49 daga	kostnaður	4,5 m.kr
- 1.jan – 15.apríl 2022	Opið 52 daga	kostnaður	10,4 m.kr.
- 1.jan – 15.apríl 2023	Opið 46 daga	kostnaður	12,0 m.kr

Eins og sést af þessari upptalningu eru aðstæður mjög breytilegar eftir árum.

-----  
Síða 2/3

### Um stöðu undirbúnings

Á árunum 2012-2014 var unnið að frumdrögum vegna uppbyggingar Strandavegar á um 37 km km kafla. Kaflarnir eru þeir sem eru mestu farartálmarnir að vetri til og eru:

- frá Brimnesi að Kráku í Veiðileysufirði 10,6 km
- Um Veiðileysuháls um 12 km
- Milli Reykjafjarðarár og Gjögurs um Kjörvogshlíð 14,6 km

Miðað hefur verið við að fyrsti áfangi framkvæmda sé uppbygging nýs vegar um Veiðileysuháls og hefur verið unnið að umhverfismati sem lauk því með álitni Skipulagsstofnunar í apríl 2023. Unnið hefur verið að verkhönnun og samningum við landeigendur vegna þeirrar framkvæmdar sem gert er ráð fyrir á samgönguáætlun 2020-2034. Með uppbyggingu vegar um Veiðileysuháls verður mögulegt að halda Strandavegi opnum að Djúpuvík allt árið um kring sé ferðaveður. Áætlaður kostnaður við byggingu 7 m breiðs vegar með bundnu slitlagi um Veiðileysuháls er um 3.400 – 3.700 m.kr.

Ekki hefur verið unnin heildaráætlun varðandi uppbyggingu Strandavegar alla leið í Norðurfjörð og vinnur Vegagerðin að þeirri áætlun með það að markmiði að hægt sé að forgangsraða mögulegum áföngum í uppbyggingu nýs Strandavegar.

Hönnun og umhverfismati er lokið fyrir um 12 km langan kafla um Veiðileysuháls og má finna umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar ásamt álitni Skipulagsstofnunar á vef Vegagerðarinnar. Þá hafa verið unnin frumdrög hönnunar fyrir um 25 km kafla að auki.

Vegagerðin

Miðað við núverandi fjárveitingar í fjármálaáætlun 2024-2028 og í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2038 sem lögð var fram á Alþingi 10. október 2023 er ekki svigrúm fyrir uppbyggingu alls Strandavegar fyrir árið 2030 nema að öðrum verkefnum verði frestað og/eða það komi til sérstakrar fjármögnunar.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Guðmundur Valur Guðmundsson

Síða 3/3

Vegagerðin